

EBK ehf. - Eldsneytisbirgðastöð Keflavíkurflugvelli
Keflavíkurflugvelli
235 Keflavíkurflugvöllur

Akureyri, 11.12.2023
UST202305-327/G.S.Á.
08.06.02

Varðar þrýstiprófun á einni lögn EBK ehf., nr. #17 í birgðastöðinni við Keflavíkurflugvöll.

Umhverfisstofnun bárust þann 16. október sl. niðurstöður þrýstiprófunar á einni eldsneytislögn í olíubirgðastöð rekstraraðila við Keflavíkurflugvöll. Lögn #17 er neðanjarðar stállögn, Ein $\varnothing 8''$ 219,1x8,2mm lögn, sem greinist síða yfir í tvær $\varnothing 4''$ 114,3x6mm lagnir.

Prófunin fór fram þann 11. október 2023. Þrýstingi var lyft upp í prófunarþrýsting, tæp 12 bör og prófað í 4 klst. Síriti af gerðinni Campell CR850 vaktaði og skráði þrýstingsbreytingar. Hitastig var um $0-2^{\circ}\text{C}$ og prófað var með Jet-A.

Meðfylgjandi eru samantektarblöð um prófunina.

Lögnin stóðst prófunina og Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við áframhaldandi notkun á lögninni.

Þrýstiprófa skal niðurgrafnar olíulagnir og löndunarlagir á að a.m.k. 5 ára fresti skv. reglugerð nr 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.

Virðingarfyllst

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur

Sigríður Kristinsdóttir
teymisstjóri